

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er vitað er um frá landnáms tíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hefst 16. okt. 1952. Sama gildir um fólk af íslenskum eða útlendum uppruna, ef það hefur öðlzt íslenskan ríkisborgararétt á þessu tímabili.

Spjaldskrá þessi skal vera í tvíriti og varðveitt á þjóðskjalasafninu. Þessi ákvæði taka einnig til spjaldskrárafríta þeirra, er um ræðir í 5. gr.

2. gr.

Hvern mann, karl og konu, 15 ára og eldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.

Á spjald hvers einstaklings skal enn fremur færa, ef unnt er og eftir því sem heimildir segja til um, fæðingardag hans og ár, sömuleiðis dánardag hans og dánarár, nöfn foreldra hans og upplýsingar um þá, svo að ekki verði um villzt, hverjir þeir voru. Þá skal skrá nafn og föðurnafn maka og giftingardag ásamt hliðstæðum upplýsingum um hann og áður eru taldar. Sama gildir um barnsmóður eða barnsföður, ef um ógiftar persónur er að ræða.

Á spjalddið skal enn fremur færa börn hlutaðeigandi spjaldhafa ásamt fæðingardegi þeirra og ári og nafni barnsmóður eða barnsföður, ef um konu er að ræða. Gera skal í örfáum orðum grein fyrir hverju barni, ef unnt er, hvað um það verður, til aðgreiningar og auðkennis frá öðrum samnefndum.

Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans og vitna til heimilda, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkv. lögum þessum. Til þess að annast þetta starf skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenska ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði.

4. gr.

Æviskrárritari skal annast um samningu spjaldskrár samkvæmt fyrir mælum laga þessara og reglugerðar, er síðar verður sett. Hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirsögn hans; sömuleiðis leita til féлага, er að þessu vilja vinna, svo sem sögufélaga og átthagafélaga. Skal hann koma skipan á skrásetningu þessara aðila, svo að sem mest not verði að starfi þeirra. Jafnframt er honum skylt að leiðbeina þessum samstarfsmönnum sínum og veita þeim upplýsingar, er lúta að skrásetningarstarfi þeirra, eftir því sem þörf krefur og ástæður hans leyfa.

5. gr.

Við lok hvers árs lætur Hagstofa Íslands æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té skrá yfir þá, er andast hafa á undangengnu ári. Hagstofan skal enn fremur veita æviskrárritara afrit gagna, er hún hefur varðandi látna menn á því ári, eftir því sem föng eru á og æviskrárritari þarfnast til upplýsinga úr þeim gögnum, sem hagstofan hefur að geyma.

Að fengnum þessum heimildum færir æviskrárritari hvern einstakling á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., ásamt nokkru ýtarlegri upplýsingum, ef kostur er, um ævistörf hans en gögn hagstofunnar greina frá.

6. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana að láta æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té upplýsingar úr bókum embættisins, eða stofnunarinnar, sem hann vanhagar um og þarf að nota við færslu spjaldskrárinnar.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar fé er veitt á fjárlögum til að launa æviskrárritara.